

Staðlað upplýsingablað þegar skipuleggjandi sendir gögn til annars seljanda í samræmi við v. lið b-liðar 2. liðar 3. gr. tilskipunar ESB nr. 2015/2302

Ef gengið er frá samningi við fyrirtæki AB í síðasta lagi 24 klukkustundum eftir að staðfesting bókarinnar hefur borist frá fyrirtæki XY telst ferðatengd þjónusta sem XY og AB veita vera pakkaferð í skilningi tilskipunar (ESB) 2015/2302.

Ferðamenn njóta því allra réttinda ESB sem gilda um pakkaferðir. Fyrirtæki XY ber fulla ábyrgð á réttri framkvæmd pakkaferðarinnar í heild.

Fyrirtæki XY hefur að auki komið á vernd, lögum samkvæmt, til að endurgreiða greiðslur sem inntar hafa verið af hendi og, ef flutningur er innifalinn í pakkaferðinni, tryggja heimflutning farþega, verði það ógjaldfært.

Nánari upplýsingar um mikilvægustu réttindi samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2302 (veittar með tengli).

Með því að smella á tengilinn fær ferðamaðurinn eftirfarandi upplýsingar:

Mikilvægustu réttindi samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2302

- Allar mikilvægar upplýsingar um ferðatengdu þjónustuna eru veittar ferðamönnum áður en gengið er frá pakkaferðarsamningi.
- Alltaf er a.m.k. einn seljandi ábyrgur fyrir réttri framkvæmd allrar ferðatengdrar þjónustu í samningnum.
- Ferðamenn fá neyðarsímanúmer eða upplýsingar um tengilið þar sem hægt er að hafa samband við skipuleggjandann eða ferðaskrifstofuna.
- Ferðamönnum er heimilt að framselja pakkaferðina til annars aðila með hæfilegum fyrirvara og hugsanlega gegn viðbótarkostnaði.
- Aðeins má hækka verð pakkaferðarinnar ef sérstakur kostnaður hækkar (t.d. eldsneytisverð) og ef sérstaklega er kveðið á um það í samningnum og aldrei síðar en 20 dögum fyrir upphaf pakkaferðarinnar. Fari verðhækkunin yfir 8% af verði pakkaferðarinnar er ferðamanni heimilt að rifta samningnum. Áskilji skipuleggjandi sér rétt til verðhækkunar á ferðamaður rétt á verðlækkun ef lækkun verður á viðeigandi kostnaði.
- Ferðamenn geta rift samningi án þess að greiða riftunargjald og fá fulla endurgreiðslu á öllum greiðslum ef gerðar eru verulegar breytingar á mikilvægum þáttum pakkaferðarinnar, öðrum en verði hennar. Ef seljandi, sem er ábyrgur fyrir pakkaferðinni, aflýsir henni fyrir

- upphaf hennar eiga ferðamenn rétt á endurgreiðslu og skaðabótum, eftir því sem við á.
- Ferðamenn geta rift samningi án þess að greiða riftunargjald fyrir upphaf pakkaferðarinnar í undantekningartilvikum, t.d. ef upp koma alvarleg öryggisvandamál á ákvörðunarstað, sem líklegt er að hafi áhrif á pakkaferðina.
 - Að auki geta ferðamenn hvenær sem er áður en pakkaferð hefst rift samningnum gegn greiðslu viðeigandi og réttlætans riftunargjalds.
 - Ef ekki er hægt að framkvæma mikilvæga þætti pakkaferðarinnar, eins og umsamið var, eftir að hún er hafin þarf að bjóða ferðamanninum annars konar viðeigandi ráðstafanir, honum að kostnaðarlausu. Ferðamenn geta rift samningi án þess að greiða riftunargjald ef þjónustan er ekki veitt í samræmi við samninginn og það hefur veruleg áhrif á framkvæmd pakkaferðarinnar og skipuleggjandi ræður ekki bót á vandanum.
 - Ferðamenn eiga einnig rétt á verðlækkun og/eða skaðabótum ef ferðatengd þjónusta er ekki framkvæmd eða framkvæmd hennar er ófullnægjandi.
 - Skipuleggjandinn verður að veita aðstoð ef ferðamaðurinn lendir í vanda.
 - Verði skipuleggjandinn eða, í sumum aðildarríkjum, smásalinn ógjaldfær verða greiðslur endurgreiddar. Verði skipuleggjandinn eða, eftir atvikum, smásalinn ógjaldfær eftir að pakkaferðin er hafin og ef flutningur er innifalinn í pakkaferðinni er heimflutningur ferðamanna tryggður. XY hefur tryggt sig gegn ógjaldfærni hjá YZ (aðili sem sér um verndina gegn ógjaldfærni, t.d. ábyrgðarsjóður eða váttryggingafélag). Ferðamenn geta haft samband við þann aðila eða, eftir atvikum, lögbært yfirvald (samskiptaupplýsingar, þ.m.t. nafn, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer) ef synjað er um þjónustu vegna ógjaldfærni XY.

Tilskipun (ESB) 2015/2302 eins og hún er leidd í landslög (tengill)
